

## HELGARPOTTURINN



Tinna Gunnlaugsdóttir.


Sjö ungir íslenskir hönnuðir taka þátt í sýningu á norrænni hönnun sem opnuð var í gær í Norræna húsinu í New York sem fornlega var tekið í notkun í síðasta mánuði. Þetta er fyrsti menningarviðburðurinn sem fram fer í húsinu og eru íslensku þátttakendurnir **Ásmundur Hrafn Sturluson, Bergþóra Guðnadóttir, Guðbjörg Kr. Ingvadóttir, Karólína Einarsdóttir, Linda Björg Árnadóttir, Sesselja H. Guðmundsdóttir** og **Tinna Gunnarsdóttir**. Jafnframt

verða íslenskar kvikmyndir í sviðsljósinu auk þess sem fyrirtækið **OZ** mun kynna nýjan tölvuleik á veraldarvefnum sem helgaður er landfundum norrænna manna í Norður-Ameríku. Hægt er að taka þátt í leiknum á slóðinni [www.lcelandnaturally.com](http://www.lcelandnaturally.com)

„Svo ergist hver sem hann eldist.“ sagði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðgjafi á Alþingi í gær - og svaraði ærlega fyrir sig eftir að Sværir Hermannsson hafði trakterað hann hressilega og sagði hann Júdas og kossinn á Auðhumlu í fjósinu á Stóra-Ármóti hefði verið Júdasarkoss. Í helgarpottinum velta menn því nú hins vegar fyrir sér hvað kalla beri landbúnaðarráðgjafann. Á sveimi hafa verið nöfn eins og **Júdas, Guðni sterki og Gunnar á Hlíðarenda** - og er þá fátt eitt nefnt.



Guðni Ágústsson.



Megas.

Enn sem fyrr daðrar meistari **Megas** við dauðann með einum eða öðrum hætti og nú er komin út ný plata með honum, sem ber heitið Svanasöngur á leiði - en kunnugir gera sér væntanlega grein fyrir því að titillinn er fyrst og síðast afbökun á nafni hins fræga lags eftir **Sigvalda Kaldalóns**, Svanasöngur á heiði. Fyrir margt löngu gaf hann svo út Drög að sjálfsmorði - og allir skilja nafnið.

Þrjár íslenskar kvikmyndir, Englar alheimsins, 101 Reykjavík og Íslenski draumurinn, verða í aðalhlutverkum á Edduhátíðinni sem haldin verður þann 19. nóvember næstkomandi. Fastlega má búast við því að þarna verði mikið um dýrðir og fólk í finum fötum líkt og hjá **Óskari** stóra bróður í Kaliforníu. Aðalstjarna kvíldsins verður þó **Björk Guðmundsdóttir**, sem áreiðanlega verður fyrir valinu sem leikkona ársins þótt þær Victoria Abril og Hanna María Karlsdóttir úr 101 Reykjavík keppi reyndar við hana í þeim flokki.



Björk Guðmundsdóttir.



Vigdís Finnbogadóttir.

Sérstök vika lýðræðis hefst í dag með málþingi í húsakynnum Reykjavíkuraðakademiunnar á fjórðu hæð í JL-húsinu um Mannréttindasáttmála Evrópu, en nú eru fimmtú ár frá því Ísland undirritaði hann. Á þessum fundi talar **Ragnar Aðalsteinnsson** meðal annarra. Á þriðjudag verður svo málþing í Borgarleiðhúsinu um framtíð lýðræðis á tímum hnattvæðingar, en þann sama dag fara fram forseta- og þingkosningar í Bandaríkjunum. Meðal gesta þriðjudagfundarinnar verður **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrverandi forseti Íslands. Fimmtudaginn 9. nóvember verða svo ellefu ár liðin frá falli Berlínarmúrsins og þá er meiningin að efna til málþings með stjórnmálamönnum.

Fjölmargin listamenn taka þátt í sýningunni *Nytjalist úr náttúrunni sem um helgina verður haldin* í Safnahúsinu á Sauðárkróki, sýningin er jafnframt hluti Handverks og hönnunar dagskrár Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000. Meðal listamanna sem taka þátt í sýningunni eru **Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, Brynja Baldursdóttir, Dýrfinna Torfadóttir, Guðrún Indriðadóttir, Lára Gunnarsdóttir, Þorbjörg Valdimarsdóttir** og **Margrét Jónsdóttir** leirfistakona á Akureyri. Er þá fáir nefndir af þeim fjölmörgu listamönnum sem þátt taka.



Margrét Jónsdóttir.



Ólafur Haukur Símonarson.

Í Kaffileikhúsinu er nú byrjað að æfa einþáttinginn Ég er í prósakþönkum en þú? Hann er eftir **Lise-Lotte Holmane**, en í þýðingu **Ólafs Hauks Símonarson**, og fjallar um Evu, konu á besta aldri, sem gerir bráðfyndna úttekt á yngingarmeðulum og öðru slíku í fegurðardýrkunarsamfélagi nútímans. Það er eigin kona Ólafs Hauks, **Guðlaug María Bjarnadóttir** sem leikur eina hlutverkið í verkinu en það er **Jórunn Sigurðardóttir** sem leikstýrir. Frumsýning verður þann 21. október.



*Bersynduga konan heitir þetta veflistaverk eftir Hönnu Ryggen. Hér er sú bersynduga að koma á fund Jesú og kring um þau eru æðstu prestar úr biblíusögnum en líka prelátar sem voru samtíða listakonunni. Verkið er frá 1926 og má túlka sem gagnrýni á dómhörku klerkaveldisins. Í umgjörðinni má sjá brot af hefðbundinni alþýðuveflist.*

# Trú og efi í listinni

**Sýningin Hærra til þín verður opnuð á morgun í Sigurjónssafni í Laugarnesi og Ásmundarsafni við Sigtún. Þar eru 42 verk, skúlptúrar, veflistaverk og málverk af trúarlegum toga eftir níu norræna listamenn. Birgitta Spur forstöðumaður Sigurjónssafns á heiðurinn að hugmyndinni.**

„Mér fannst það væri gaman að setja saman norræna sýningu þar sem valdir væru listamenn sem lítið eða ekkert hefðu unnið opinberlega fyrir kirkjuna, heldur hefðu sína túlkun á trúnni meira sem privatmál - jafnvel listamenn sem engum hefði dottið í hug að væru að gera trúarleg verk,“ segir Birgitta sem er önnur kafin við að koma listaverkunum upp í Sigurjónssafni þegar blaðamaður ber að. „Þannig kemur önnur nálgun á trúarlega þáttinn,“ bætir hún við.

## Óhrædd við að storka samtímanum

Birgitta segir alla nfu listamennina hafa haft mikla þýðingu fyrir listþróun í sínu heimalandi og víðar á 20. öldinni. Bendir til dæmis á veflistaverk hinar norsku Hönnu Ryggen (1894-1970). „Hún er fyrsta veflistakonan sem vinnur sig út úr því sem kalla má alþýðulist. Hún þótti afar róttæk á sínum tíma og var óhrædd við að storka samtímanum. Lék sér að því að blanda tímaskeiðum saman og setja samtíðina inn í sínar biblíumyndir.“

Birgitta beinir næst sjónum að tveimur verkum dönsku listakon-

unnar Oliviu Holm-Möller. Á annari stendur Eva ung hjá blómstrandi tré og á hinni er hún að enda lífið - stjörnubjartur kvöldhiminn yfir og hún að byrja að hverfa í faðm almættisins - snúa heim. „Guli liturinn var í upphaldi hjá Oliviu sem bendir til sterkrar lífslöngunar - og hún varð fjörgömul,“ segir Birgitta.

## Frumkvæði Evu

Næst liggur leiðin upp á loftið. „Hinn danski málari J. A. Jerichau lést aðeins tuttugu og sex ára en áhugi fólks á list hans hefur farið vaxandi síðari ár,“ segir Birgitta og bendir á verk eftir hann af Maríu mey með son sinn látinn. Við hlið þess er mynd eftir Færeyinginn Samuel Joensen-Mikines og yfir stiganum önnur sem heitir Líkfyldgin er byggir á sterkum litum og hreyfingu.

Tvö verk Sigurjóns Ólafssonar eru þarna á loftinu, Auðmýkt og Uppstigning, þau eru bæði unnin í tré. Fleiri verk eftir hann verða í Ámundarsafninu. Skammt frá er Passiutónar eftir Ásmund og Birgitta beinir athygli blaðamanns að öðru verki eftir hann sem ber heitið Eva yfirgefur

Paradís. „Þetta er skemmtileg túlkun á frumkvæði Evu,“ segir Birgitta. Páskar nefnist eitt verka Ásmundar og það kallast á við tvær olíukrítarmyndir sem heita Líka Páskar eftir danska myndhöggvarann, málaran og grafíklistamanninn Svend Wiig Hansen. „Með þessu fær maður ólík sjónarhorn á sama mótví,“ segir Birgitta. Þegar þetta viðtal fer fram, á fimmtudagskvöldi, er aðeins lítill hluti listaverkanna kominn upp. Myndir Roberts Jacobsen, unnar úr brotajárni og kopar liggja til dæmis ofan á flyglinum ennþá en eiga eftir að njóta sín vel á veggjum safnanna. Myndir Nordmannsins Jakob Weidemanns, Þoka í Getsemane og Án titils verða í Ásmundarsafni, ásamt mörgum öðrum ótöldum.

## Tveggja ára undirbúningur

Birgitta segir undirbúning að sýningunni hafa staðið í rúm tvö ár. Danski listmálari Bodil Kaalund hafi veitt ómetanlega ráðgjöf um val á erlendu listaverkunum og Menningarborg, Kristnihátíðarnefnd og Norræni menningarsjóðurinn hafi með fjárstyrkjum gert hana mögulega. GUN.

## MAÐUR VIKUNNAR ER IÐNAÐARMAÐUR!

**Iðnaðarmaðurinn á Akureyri hefur síðustu viku unnið bæði daga og nætur. Slegið taktinn í hamarshöggasinfóníunni svo hratt að annað eins hefur ekki heyrst. En þessi iðjusemi skiladi þó því að nýja verslunarmiðstöðin, Glerártorg, var opnuð á tilsettum tíma á fimmtudagsmorgun og var mikið um dýrðir. En þá var iðnaðarmaðurinn, sem við veljum mann vikunnar, vísast farinn að sofa, enda er hann staðuppgjefinn eftir hamagang síðustu daga, vikna og mánaða.**

